



Pési

ATH!!Næsti Pési kemur út í **mars**. Efni þarf að berast í síðasta lagi **4.mars**

Frá Bókasafni Hrunamanna



Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu og vonandi ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18


Fimmtudaga Kl. 16-18



Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánum og fleira.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúgunu.

Svo er um að gera að „líka við“ bókasafnið á



Sjáumst á bókasafninu ☺


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Mánudaga til fimmtudaga 16.00-21:30, föstudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur er opin um helgar þegar mót eru í húsinu:

Fylgist með á facebook!

jfebr 2018
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

28. árgangur.
323 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Febrúarmánuður er runninn upp og Þorrinn genginn í garð. Það má með sanni segja að enginn vetur sé eins á landinu okkar góða. Þetta er greinilega frostaveturinn en í fyrra var það þíðuveturinn mikli. Allt tilheyrir þetta víst því að búa hér á landi og fagna fjölbreytileikanum. Daginn er samt farinn að lengja og það breytist sem betur fer ekki þrátt fyrir misjafnt tíðafar.

Árlegt þorrablót kvenfélagsins var haldið um daginn og heppnaðist það vel. Gott framtak hjá þeim kvenfélagskonum sem í leiðinni styrkja gott málefni sem að þessu sinni var Kvennaathvarfið sem hún Sigprúður okkar frá Skipholti stýrir. Hjónaballið er síðan á næstu grösom og verður mjög spennandi að sjá hvernig það kemur út að halda það í íþróttahúsinu. Það gefur fleira fólki tækifæri að sækja samkomuna og upplifa uppgjör ársins. Þessi útfærsla mun reyna meira á hjónaballsnefndina og starfsfólk sveitarfélagsins en ég er sannfærður um að þetta mun verða hjónaball aldanna.

Hjónaballið verður síðan hluti af svokölluðum Menningarmars en ákveðið hefur verið að „uppnefna“ mánuðinn með þessu nafni. Dagskráin er að fæðast en þetta á nú að vera afslappaður og sjálfsprottinn atburður þar sem við gefum menningunni sérstaklega gaum. Þá hefur líka verið ákveðið að halda Atvinnuþing Uppsveita þann 21. mars n.k sem atvinnunefndir sveitarfélaganna standa að á Borg í Grímsnesi. Það er gaman að vinna að slíku samstarfsverkefni því það er næsta ljóst að svæðið allt er eitt atvinnusvæði og öll uppbygging og framfarir á svæðinu nýtast okkur öllum.

Nú hefur endurskoðað aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 tekið gildi frá og með 5. janúar s.l. Það er afar ánægjulegt að þetta er loksins staðfest og við getum farið að vinna eftir þessu grundvallarskjali okkar. Tafir sem urðu á afgreiðslu málsins voru vegna afstöðu Skipulagsstofunar í ýmsum málum en vonandi náðist ásættanleg lending í flestum málum. Nú getum við t.d. snúið okkur að því að klára deiliskipulag fyrir Laxárhliðarsvæðið og önnur uppbyggingarsvæði sem komu inn í skipulagið. Ekki síst kom Kópsvatnsholan inn á aðalskipulagið sem er grundvöllur fyrir því að við getum farið að nýta holuna undir rafmagnsframleiðslu. Þau tímamót urðu að Hrunamannahreppur, Hitaveita Flúða og Flúðaorka ehf skrifuðu undir samninga vegna framleiðslu á rafmagni úr holunni. Þá var einnig gengið til samninga við landeigendur vegna lóðar undir starfsseminna o.fl sem þurfti til en við erum afar þakklát fyrir velvilja núverandi og fyrrverandi eigenda Kópsvatns vegna verkefnisins.

Um er að ræða tilraunaverkefni til 5 ára með möguleika á að framlengja samninginn um 25 ár til viðbótar. Eins og staðan er núna er aðeins um að ræða framleiðslu á 600kW og við sjáum síðan til hvernig til tekst. Þessi framleiðsla heftir hins vegar ekki möguleika okkar á að nýta heita vatnið úr holunni fyrir Hitaveitu Flúða sem er lykilatriði. Nú þokast ljósleiðarverkefnið okkar áfram en Hrunaljós er samt ekki farið að skína. Verið er að klára að hafa samband við fólk um þátttöku og eins og við var að búast er hún mjög góð. Allt efni vegna verkefnisins er komið til landsins og stóðust áætlanir varðandi verð ágætlega. Verið er að gera tengimiðjuna klára í Félagsheimilinu þannig að þegar ljósið kemur í hús verði allt klárt til að tengja íbúa við þjónustuaðila. Það sem tefur okkur við verklegar framkvæmdir er mikið frost í jörðu og illa framkvæmanlegt að plægja strengi í jörðu. Kemst sú vinna eflaust ekki af stað fyrr en með vorinu og klaki farinn að mestu úr jörðu. Varðandi greiðslu tengigjalda förum við eflaust að koma þeim út í marsmánuði en við minnum fólk á að hægt var að skipta þeim niður á 8 mánuði til að létta greiðslubyrði. Síðan er stóra spurningin um samspil tenginga og styrkjakerfisins en það er vilji okkar að allir geti tengst á þessu ári þó við sækjum um styrk í Fjarskiptasjóð á næsta ári vegna 1/3 af verkefninu sem stóð eftir. Við hins vegar getum ekki fórnað styrknum en við sjáum til hvernig þetta endar.

Annar málaflokkur sem verður mikið verkefni á árinu tengist persónuvernd og verður mikil vinna hjá starfsmönnum sveitarfélagsins að innleiða þessar reglur sem trúlega taki gildi í vor. Við lifum í breyttum heimi og þó þetta sé mikil vinna og kosti drjúga peninga þá má á móti segja að það verður að vera eitthvað skipulag og vernd á þessum upplýsingum sem eru til um okkur öll, sem fljóta reyndar um allan heiminn á köflum.

Hinn málaflokkurinn sem verður líka mjög áberandi á þessu ári eru úrgangsmál. Við þurfum að fara í auka flokkun og okkur sýnist að þurfi sérstaklega að skoða plastsöfnun og lausnir varðandi lífrænan úrgang. Þá skýrast vonandi eitthvað hvaða lausnir og tillögur koma fram á Suðurlandi öllu í þessum málaflokki sem gæti hjálpað okkur. Varðandi pappírinn minni ég á pressugáminn góða upp á gámasvæði á Flúðum en hann er mikil framför. Blátunnan heima við hús dugar ekki fyrir stórar umbúðir og biðjum við fólk fara með slíkt upp á gámasvæði. Varðandi pappírinn vil ég líka minna á „Pappírstætingu Unnar“ sem fram fer í kjallara Heimalands. Unni vantar meira hráefni til tætingar og einnig er upplagt að kaupa gegn mjög vægu endurgjaldi afraksturinn af pappírstætingunni sem hægt er m.a. að nota sem þrifalag. Endilega verið í samandi við Else í þessu sambandi. Nú hafa öll sveitarfélögin sem standa saman að Seyruverkefninu samþykkt að standa saman að enn frekari uppbyggingu verkefnisins með því að fara einnig út í hreinsun seyru með eigin hreinsibifreið.

Ástæðan er m.a. sú að þá getum við stjórnað og tímasett vinnuna betur og vonandi veitt betri þjónustu. Í Pésanum er einmitt auglýst eftir starfsmanni í áhaldahús Hrunamannahrepps til að vinna m.a. við þetta verkefni. Við bendum á að viðkomandi fær að aka um allar sveitirnar á splúnkunýjum Volvo og fara í heimsókn á hvern bæ þannig að áhugasamir um akstur og kaffi endilega sækid um starfid.

Að lokum vil ég óskað 9. flokk UMFH/Þórs til hamningju með að vera bikarmeistar í körfubolta fyrir árið 2018 í sínum aldursflokki. Það er að sýna sig að samstarf í íþróttamálum, bæði nær og fjær, er ávísun á árangur og vonandi ber okkur gæfa til að þróa það starf enn frekar. Það er ljóst að mikil tækifæri felast í stærra og betra íþróttahúsi á Flúðum og möguleikar til mótahalds hafa aukist stórkostlega og er það orðið eftirsóknarvert að mæta á Flúði. Á þessu ári hafa blakstelpurnar okkar nýtt sér þetta tækifæri og einnig körfuboltadeildin af miklum móð. Þó mikil vinna sé við að halda slík mót þá hafa þau mikil smitáhrif á samfélagid með kaupum á þjónustu og almennt varðandi markaðsetningu á sveitarfélaginu og möguleikum þess.

Ég vil síðan óska öllum góðs þorra og góugleði.

Jón G. Valgeirsson

Frá Félagi eldri Hrunamanna ***Bókmenntaklúbbur***

Fundur verður hjá bókmenntaklúbbnum fimmtud. 8. febr. kl 11.

Vatnsleikfimi

Vatnsleikfimin byrjar aftur mánudaginn 19. febrúar kl 15:20.

Bókband

Árni Magnús Hannesson verður með námskeið í bókbandi og byrjar það 20. febrúar kl. 13 - 15. Ekkert námskeiðsgjald, aðeins efnisgjald.

Opið hús

„Opið hús“ verður í Félagsheimilinu miðvikudaginn 21. febrúar. Kjartan og Loftur sjá um dagskrána. Kaffisala á vegum Kvenfélagsins.

Logy.is

verður á Heimalandi með til sölu fatnað á dömur og herra á góðu verði þriðjudaginn 13. febrúar.

Sími 899-2910
Febrúar 2018

www.pizzavagninn.is



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1. feb Laugarvatn 18:00-20:30	2. feb Flúðir 18-21	3. feb Borg 18:00-20:30
8. feb	9. feb Brautarholt 18:00-20:30	10. feb Reykholt 18-21
15. feb Laugarvatn 18:00-20:30	16. feb Flúðir 18-21	17. feb Lokað í dag
22. feb	23. feb Árnes 18:00-20:30	24. feb Vetrarfrí



Sími 899-2910
Mars 2018

www.pizzavagninn.is



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1. mars Laugarvatn 18:00-20:30	2. mars Flúðir 18-21	3. mars Borg 18:00-20:30
8. mars	9. mars Brautarholt 18:00-20:30	10. mars Reykholt 18-21
15. mars Laugarvatn 18:00-20:30	16. mars Lokað í dag	17. mars Flúðir 18-21
22. mars	23. mars Árnes 18:00-20:30	24. mars Reykholt 18-21
29. mars Skírdagur	30. mars Flúðir 18-21	31. mars Borg 18:00-20:30

**Leikdeild Ungmennafélags
Biskupstungna kynnr:
Sálir Jónanna ganga aftur. -
Hugleiksverk
Gaman leikrit um örlög Jónanna**



Næstu sýningar

7.febrúar – 2.sýning

9.febrúar – 3.sýning

10.febrúar – 4.sýning

14.febrúar – 5.sýning

Sýnt í Aratungu og allar sýningar hefjast kl 20:00

Miðaverð 2500.-

Eldriborgarar 2000.-

Börn 1500.-

miðapantanir í síma 896-7003

Leikhússeðill verður í boði á Restaurant Mica,

borðapantanir í síma 486-1110

Okkur vantar aðstoð í Félagsmiðstöðinni Zero á Flúðum á fimmtudagskvöldum út skólaárið.

Leitað er eftir einum til tveimur einstaklingum 20 ára eða eldri, reyklusum, jákvæðum og sem hafa áhuga á að umgangast unglinga og vera þeim góð fyrirmynd.

Starfið felst í samveru með unglingum í 8.-10. bekk og aðstoð við að framkvæma fjölbreytta afþreyingu fyrir og í samstarfi við þá, td. spila, spjalla, keppa í ýmsum þrautum, halda námskeið, fara í ferðir ásamt því að virkja unglingana í frágang. Skipulagið er í höndum Maju Vilstrup, forstöðumanns Zero, sem er alltaf á staðnum á vinnutímanum auk foreldris.

Vinnutími: Fimmtudagskvöld kl. 18.30-21.30, stundum aðeins lengur. Ákjósanlegt væri að tveir einstaklingar myndu vera til skiptis annan hvern fimmtudag. Tímakaup 2500 kr.

Endilega hafið samband við Maju á netfangið maja@fludir.is, á Facebook eða í síma 867-9572.



Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna 2018

**Verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna mánudaginn 19.
febrúar kl. 20,00.**

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Skýrsla stjórnar og reikningar og árgjald.
3. Kosningar.
Önnur mál.

Allir eru velkomnir. Nýir félagar geta gengið í félagið á fundinum.
Stjórnin: Esther, Sigurður H., Bjarni V., Samúel U.,

Eiríkur.

-----kaffiveitingar milli funda -----

Aðalfundur ÁSÆL 2018

**Aðalfundur ÁSÆL verður haldinn þann 19. febrúar kl.
21.00 í Félagsheimilinu Flúðum.**

Dagskrá:

Hefðbundin aðalfundarstörf
Skýrsla stjórnar og reikningar
Kosningar

Önnur mál og verkefni komandi sumars.

Vonumst til að sjá sem flesta félagsmenn, gamla og nýja.

Stjórn ÁSÆL, Jón Bjarnason, Sveinn Hannes,
Hildur, Elvar Logi, Siggi, Benni

Höfum tekið í umboðssölu fóður frá
Josera og deheus
Verið velkomin til okkar
Árni ehf Smiðjustíg 6



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímáptanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))

Tímáptanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

**TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Skeiða og Gnúpverjahl.**



**Og allar sumarþustaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.**

TAXI DRIVER Sími: 7760810 & 7831224





Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
sími: 888-1975/865-7499

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

Sími: 486 6633

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Hotubúnd frá landnámi

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reyf skynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slökkvitaeki@babubabu.is

Nudd - Massage

Nú er í boði
endurnærandi heilnudd
og Bowen meðferð í
Bergholti - Kistuholti 3,
Reykholti á mánudögum
og þriðjudögum.
Tímabókanir og nánari
upplýsingar má finna á
facebook síðunni minni:
NG ehf



<https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

og í síma 8976944.

Nils G. – Bowentæknir og nuddari.

Now you can get full body massage and Bowen technic treatment in Bergholt - Kistuholti 3, Reykholt. You can find online booking and more information on my facebook page: NG ehf <https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

Nils G. tel: 8976944
nilsgudjon@gmail.com

Flúðaskóli og Félagsmiðstöðin Zero kynna:



Forvarnarfræðsla

í Félagsheimilinu á Flúðum

fimmtudaginn 8. febrúar 2018.

Fjallað verður um rafrettur (veip), áfengis- og fíkniefnaneyslu unglinga og hver séu helstu einkenni fíkts/neyslu, hvernig bregðast má við og fá aðstoð.

Einnig er fjallað um hvernig megi styrkja tilfinngagreind og sjálfstraust barna.

Kl. 12.00-13.00: Fræðsla fyrir miðstigið, 5.-7. bekk (á skólatíma)

Kl. 13.30-15.00: Fræðsla fyrir unglinga, 8.-10. bekk (á skólatíma)

Kl. 15.30-16.00: **FRÍTT VÖFFLUKAFFI** fyrir unglinga og foreldra/forráðamenn þeirra.

Kl. 16.00-18.00: **Fræðsla fyrir foreldra/forráðamenn.** Unglingarnir geta farið í Zero ef vilja. Opið í Zero til kl. 21.30 eins og venjulega og frístundastræto í boði.

Fyrirlesari er Magnús Stefánsson, fjölskylduráðgjafi ICADC/ICPS.



Uppfræddir og meðvitaðir foreldrar eru besta forvörn sem völ er á.

Allir foreldrar/forráðamenn eru hjartanlega velkomnir!

Uppá að áætla magn af veitingum, viljum við gjarnan að þið skráið ykkur á viðburðinn, annaðhvort á facebook eða í tölvupósti:

maja@fludir.is eða bara@fludaskoli.is

Veitingastaðurinn Við Faxa í Biskupstungum óskar eftir starfsfólki.

Okkur vantar starfsfólk bæði í hlutastarf og fullt starf í sumar.
Starfið felst í afgreiðslu og einföldum eldhússtörfum s.s. uppvaski og þrifum.
Gerð er krafa um snyrtiimennslu og heiðarleika
en einnig er einhver enskukunnátta æskileg.



Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum.

Umsóknarfrestur er til og með 1. Apríl 2018
Nánari upplýsingar og umsóknir sendist á netfangið
vidfaxes@gmail.com
eða hringið í síma 848 1101

Baggamunur


Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Sumar vinna Samkaup Strax Flúðir

Verzlunin Samkaup Strax Flúðum leitar að öflugum starfskrafti í almenn verslunarstörf sumarið 2018

*100% starf og aðra hvora helgi,
Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.*

Umsóknir sendist á fludir@samkaupstrax.is

Vísindaferð Hrossaræktarfélags Hrunamanna

Þá er komið að vísinda- og skemmtiferð félagsins!
Hrossaræktarfélag Hrunamanna ætlar að standa fyrir ferð um suðurlandið laugardaginn 17. febrúar næstkomandi.

Stefnan er að heimsækja 3 þekkt hrossaræktarbú í Rangárþingi. Á öllum þessum stöðum er góður hestakostur og aðstaða, því ætti að vera ýmislegt spennandi að sjá.

Farið verður með rútu frá félagsheimilinu og lagt af stað kl. 13.

Við biðjum fólk að skrá þátttöku fyrir miðnætti 11. febrúar(enginn verður samt skilinn eftir heima) sunnudaginn 11. febrúar(enginn verður samt skilinn eftir heima) svo hægt sé að panta rútu við hæfi og gefa gestgjöfum upp þann fjölda gesta sem þeir eiga von á.

Vonumst eftir að sem flestir komi með.

Guðríður: 865-3504 / gudridur88@gmail.com

Siggí: 894-3059 / skollagrof@skollagrof.is

Steini: 848-7767





Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opíð alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá bjgli

Grænmeti, kryddjurtir,
holdanautakjöt, eldis-
silungur, heimagerðar
sultur og flatkökur,
Arna laktósafríar
mjólkurvörur og margt
fleira.

Vegetables, herbs,
Angus beef, brown
trout, homemade jams
and flatbreads, Arna
lactose free dairy and
variety of other
products.

Melum, Flöðum
Hrunamannahrepp

@litlamelabudin
www.facebook.com/litlamelabudin





**Bíla- og
smáflutningar
8917772**

Steinsögun

Tek að mér steinsögun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Kæru Smárafélagar!

SMARI



Mótanefnd hefur nú sest niður og lagt drög að vetrarstarfinu. Vetrarmótin okkar verða á sínum stað en auk þess munum við halda töltmót daginn fyrir skírdag að venju.

Í ár verða aðeins tvö vetrarmót haldin en svo er stefnan tekin á þrjú mót, eins og hefð er fyrir, að ári – með aukinni þátttöku og krafti félagsmanna mun það takast.

Mikið hefur dregið úr þátttöku á þessum mótum nú síðustu ár svo að við hvetjum alla þá sem vettlingi geta valdið til að koma, taka þátt og eiga góða stund. Saman getum við nefninlega flutt fjöll!

Nokkrar breytingar verða á tilhögun vetrarmótanna og vonum við að þær leggist vel í félagsmenn.

Helst ber að nefna að mótin í ár verða felld meira að íþróttakeppninni: sýnt hægt tölt og frjáls ferð (T7- nokkrir saman inná í einu), stjórnaf þul. Dómarar munu gefa tölur og úrslit riðin. Þetta er einfalt keppnisform sem allir ættu að hafa gaman af.

Einnig verða 1. og 2. flokkur fullorðinna felldir niður en í stað þeirra tókum við upp áhugamannaflokk og opinn flokk. En opni flokkurinn verður opinn öllum, Smárafélögum sem öðrum.

Flokkar verða pollaflokkur (þrautabraut í reiðhöll), barnaflokkur, unglingsflokkur, ungmennaflokkur, áhugamannaflokkur og opinn flokkur. Einnig verður unghrossaflokkur á seinna mótinu.

Einnig bera að nefna að einungis knapi skal vera Smárafélagi (fyrir utan opinn flokk) – ekki er skylt að hestur skuli vera í eigu félagsmanns, nema í unghrossaflokki.

Dagsetningar eru sem hér segir:

10.mars: fyrri vetrarmót

28. mars: töltmót

21. apríl: seinna vetrarmót

Viðburðirnir verða að venju haldnir í Torfdal/Reiðhöll.

Nánara fyrirkomulag mótanna verður kynnt á næstunni inni á facebook síðu og heimasíðu Smára og hvetjum við því alla til að fylgjast vel með á þeim þægilega samskiptamiðli sem fésbókin er.

Kæru félagsmenn, tókum öll þessar dagsetningar frá, hittumst og eigum saman góðar stundir. Hestaíþróttin er einstök – eitthvað fyrir alla – konur og kalla – krakka með hár og kalla með skalla J
Sjáumst hress í Torfdal
Mótanefndin

80
STAÐIR
UM LAND ALLT

E **EIMSKIP**
Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

E **EIMSKIP**
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

112 DAGURINN

Sunnudaginn 11. febrúar er 112 dagurinn í tilefni af því ætlum við í Björgunarfélaginu Eyvindi að hafa opið hús hjá okkur milli kl 14 og 17. Þá verður hægt að skoða tæki og tól og fræðast um starfsemina.



Luckas sjálfvirki hjartahnoðarinn sem safnað var fyrir seinasta sumar verður til sýnis og gefst fólki færi á að sjá hvernig hann virkar.



Milli kl 15 og 16 verður hægt að fá blóðþrýstings- og blóðsykursmælingu.



Atvinna

Áhaldahús Hrunamannahrepps

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 100% starf í áhaldahúsi Hrunamannahrepps. Meginstarfið felst í akstri hreinsunarbifreiðar og umsjón með hreinsun á seyru í Uppsveitum og síðan almenn störf á vegum áhaldahússins. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi meirapróf. Laun og ráðningarkjör eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna og nánara samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknnum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 23. febrúar n.k.



Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2018

janúar				febrúar				mars			
sun	mán	þri	mið	sun	mán	þri	mið	sun	mán	þri	mið
	1	2	3		1	2	3		1	2	3
7	8	9	10	4	5	6	7	4	5	6	7
11	12	13	14	10	11	12	13	11	12	13	14
15	16	17	18	14	15	16	17	15	16	17	18
19	20	21	22	18	19	20	21	18	19	20	21
23	24	25	26	25	26	27	28	25	26	27	28
28	29	30	31					29	30	31	

apríl				maí				júní			
sun	mán	þri	mið	sun	mán	þri	mið	sun	mán	þri	mið
	1	2	3		1	2	3		1	2	3
7	8	9	10	4	5	6	7	4	5	6	7
11	12	13	14	10	11	12	13	10	11	12	13
15	16	17	18	13	14	15	16	14	15	16	17
19	20	21	22	17	18	19	20	17	18	19	20
23	24	25	26	24	25	26	27	24	25	26	27
29	30	31						29	30	31	

júlí				ágúst				september			
sun	mán	þri	mið	sun	mán	þri	mið	sun	mán	þri	mið
	1	2	3		1	2	3		1	2	3
7	8	9	10	4	5	6	7	4	5	6	7
11	12	13	14	10	11	12	13	10	11	12	13
15	16	17	18	13	14	15	16	13	14	15	16
19	20	21	22	17	18	19	20	17	18	19	20
23	24	25	26	24	25	26	27	24	25	26	27
29	30	31						29	30	31	


október				nóvember				desember			
sun	mán	þri	mið	sun	mán	þri	mið	sun	mán	þri	mið
	1	2	3		1	2	3		1	2	3
7	8	9	10	4	5	6	7	4	5	6	7
11	12	13	14	10	11	12	13	10	11	12	13
15	16	17	18	13	14	15	16	13	14	15	16
19	20	21	22	17	18	19	20	17	18	19	20
23	24	25	26	24	25	26	27	24	25	26	27
29	30	31						29	30	31	

- Sorp - Efri Hrunamannahreppur
- Sorp - Neðri Hrunamannahreppur
- Blá tunna - Allur Hrunamannahreppur
- Rülluplast - Allur Hrunamannahreppur

Athugið að losunardagur geta breyst án fyrirvara svo sem út af veðri. Hirding fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli sveða eftir Litlu laxá.



Sími: 577-5757 — gamur@gamur.is



Atvinnumálaláping Uppsveitanna 21. mars 2018

Atvinnumálanefndir Uppsveitanna munu standa fyrir

Atvinnumálalápingi þann 21. mars 2018

í Félagsheimilinu Borg.

Þingið hefst með súpu klukkan 19:00.

Nánari dagskrá auglýst síðar.

Endilega takið daginn frá.

Atvinnumálanefndir Uppsveitanna.



Frá undirskrift samnings um nýtingu Kópvatnsholunnar til raforkuframleiðslu





HRUNAPRESTAKALL

Aðeins um aðskilnað ríkis og kirkju og sóknargjöldin

Kæru sveitungar. Reglulega heyrast í umræðunni háværar raddir um aðskilnað ríkis og kirkju. Gjarnan fylgja vangaveltur um fjárhagsgrundvöll kirkjunnar og laun presta. Örstutt langar mig að leggja orð í belg og leitast við að skýra stöðuna.

Samningur um laun fyrir land

Árið 1997 gerði ríkisvaldið samning við þjóðkirkjuna. Samkomulagið fól í sér að ríkið tók yfir allar kirkjujarðir, utan þeirra sem þá voru enn prestsetur, en tók í staðinn að sér að greiða laun allra starfandi presta og biskupa kirkjunnar. Fjöldi presta sem fær laun samkvæmt samningnum tekur breytingum eftir því hvort fækkun eða fjölgun verður í hópi þeirra sem skráðir eru í kirkjuna. Ljóst er að þarna eru umtalsverðir fjármunir á ferðinni enda fékk ríkið afhentar afar verðmætar jarðir kirkjunnar á móti, m.a. stór landsvæði sem nú tilheyra Garðabæ og Álftanesi og einnig Akranesi. Er þá fátt eitt nefnt. Sem sagt: Þegar sagt er að prestar þiggi laun sín frá ríkinu þá er það ekki alveg rétt heldur er ríkið einfaldlega að borga samkvæmt samningi fyrir land sem það þegar hefur fengið afhent.

Eignaupptaka?

Sé vilji fyrir því að gera fullan aðskilnað ríkis og kirkju þarf að taka upp samninginn og þá annaðhvort afhenda kirkjunni jarðirnar til baka eða gera nýtt samkomulag við kirkjuna um lokauppgjör ríkisins á þessum landareignum. Þeir hins vegar sem halda því fram að ríkið geti einhliða slitið samningnum við kirkjuna, án eftirmála, eru í reynd að boða tvennt; opinbera eignaupptöku og að ekki þurfi að standa við gerða samninga. Viljum við búa í þannig samfélagi? Vel má færa rök fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju en þá hljótum við að vilja gera það eftir reglum réttarríkisins en ekki samkvæmt lögmáli frumskógarins.

Hvað þýðir úrsögn úr kirkjunni?

Um sóknargjöldin er það að segja að þau eru eins konar félagsgjöld sem ríkið sér um að innheimta fyrir trúar- og lífskoðunarfélög í landinu og gjaldið var árið 2017 kr. 920 á mánuði fyrir einstaklinga 16 ára og eldri. Í kirkjunni rennur hver króna sóknargjaldsins til kirkjustarfs í þeirri sókn sem þú tilheyrir. Með því að tilheyra kirkjunni ertu því að leggja þitt að mörkum til uppbyggingar á kirkju- og menningarstarfi í þínu nærumhverfi og treysta ákveðna grunnþjónustu samfélagsins. Má þar nefna fjölbreytt helgihald, kórastarf, tónleika, sálgæslu, barna- og æskulýðsstarf og ýmsa menningarviðburði. Úrsögn úr þjóðkirkjunni sem stundum er sprottin af óánægju með yfirstjórn kirkjunnar bitnar því að öllu leyti á því sem síst skyldi, nefnilega á kirkjustarfi í þinni heimabyggð.

Að lokum minni ég á dagskrá helgihaldsins sem send var út á hvert heimili í prestakallinu í síðasta mánuði og svo auðvitað á heimasíðuna, hruni.is og facebook.com/hrunaprestakall.

Stöndum vörð um öflugt kirkjustarf í okkar heimabyggð – sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Fréttir frá Umf.Hrunamanna

Frjálsar íþróttir

11 Hrunamenn fóru á Íslandsmeistaramót 11-14 ára helgina 27.-28.janúar (MÍ 11-14 ára) og kepptu með sameiginlegu liði HSK/SELFOSS. Ferðin var heldur betur til fjár því hópurinn sigraði mótið með miklum yfirburðum. Liðið fékk 875,5 stig en í öðru sæti var FH með 559,5 og Breiðablik í því þriðja með 287,5 stig.

Okkar fólk voru þau: Haukur Arnarsson, Óskar Snorri Óskarsson, Ingibjörg Bára Pálsd., Guðný Vala Björgvinsd., Margrét Inga Ágústsd., Þorbjörg Guðrún Kristófersd., Eyrún Hjálmarsd., Rebekka Georgsd., Bryndís Einarsd., Þórkatla Loftsd. og Þórhildur Arnarsd. Mikið var um persónulegar bætingar, eins og við var að búast hjá þessum snillingum, og sumir tóku sig til og bættu sig í mörgum greinum. Sýndu óbilandi baráttu og rökuðu inn stigunum fyrir liðið, hvort sem var í einstaklingsgreinum eða boðhlaupum. Margir náðu þeim mikla árangri að komast í úrslit.

Einhver óstjórnlegur gormagangur var í 14 ára flokkunum þegar kom að hástökinu því þar stráféllu persónulegu metin. Strákarnir flugu yfir 1,57m og stelpurnar háðu blóðuga baráttu um sæti á verðlaunapallinum þar sem 1,47m virtist tískuháðin.

Það er ekki sjálfgefið að komast alla leiðina á verðlaunapallinn svona sterku móti svo Hrunamenn mega vera stoltir af því að hafa nokkrum sinnum átt fulltrúa þar. Margrét Inga og Ingibjörg Bára fengu báðar silfur í hástökki, og þær ásamt Guðnýju Völu fengu brons með 14 ára boðhlaupssveit stelpna, Haukur fékk brons bæði í 60m hlaupi og grindahlaupi, auk þess að vera í sigursveit 14 ára drengja í boðhaupinu. Þórhildur fékk silfur með sinni boðhlaupssveit og Guðný Vala tók brons í grindahlaupi og skaut síðan öllum öðrum ref fyrir rass þegar hún nældi sér í Íslandsmeistaratitil í langstökki 14 ára stelpna.

16 krakkar fóru héðan á Stórmót ÍR sem fór fram 20.-21.janúar og allir stóðu sig ákaflega vel. 13 sinnum skreyttu krakkarnir verðlaunapallinn með sjálfum sér og oft munaði sáralitlu að það væri oftast. Haukur Arnarson gerði sér lítið fyrir og fór á pallinn í 5 greinum og sýndi enn og aftur í hversu mikilli framför hann er. Máni Snær hleypur ekki 3000m öðruvísi en að slá HSK-met og um helgina sló hann metið í 16-17 ára flokki innan húss en síðastliðið sumar setti hann met í 15 ára, 16-17 ára og 18-19 ára flokki drengja utanhúss.

16 keppendur fóru í nafni Hrunamanna á HSK-mótin, innanhúss, sem haldin voru sunnudaginn 14. janúar í Frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika í Hafnarfirði. Það er skemmst frá því að segja að hver einasti keppandi nældi sér í stig fyrir félagið og margsinnis voru krakkarnir í verðlaunasætum. Á Aldurflokkamótinu, sem er fyrir krakka á aldrinum 11-14 ára, náðu Hrunamenn öðru sæti í heildarkeppninni og má það teljast virkilega góður árangur.

Við eignuðumst 8 HSK-meistara og fjöldann allan af silfur- og bronsverðlaunahöfum, enda stigu krakkarnir 27 sinnum á verðlaunapallinn. Öll úrslit má finna á fri.is.

HSK-meistararnir okkar voru:

Þórkatla Loftsdóttir, 12 ára: HSK-meistari bæði í langstökki og hástökki.

Þórhildur Arnardóttir, 12 ára: HSK-meistari bæði í 60m og 600m.

Guðný Vala Björgvinsdóttir, 14 ára: HSK-meistari bæði í langstökki og grindahlaupi.

Ingibjörg Bára Pálsdóttir, 14 ára: HSK-meistari í hástökki.

Haukur Arnarsson, 14 ára: HSK-meistari í 600m hlaupi.

Alls staðar stóðu krakkarnir sína plikt og voru til fyrirmyndar hvar sem þeir komu. Hvort sem það var á keppnisvellingum, í sundinu, á matsölustaðnum eða í skólagistingunni.

Körfubolti

Sunnudaginn 14.janúar var söguleg stund í íþróttastarfi ungmennafélagsins þegar sameiginlegt lið Hrunamanna og Þórs Þorlákshafnar í 9.flokk drengja lönduðu fyrsta bikarmeistaratitli Hrunamanna í karlaflokki með 79-43 sigri á Keflvíkingum. Leikurinn fór fram í sjálfri Laugardalshöllinni fyrir framan fjölmarga áhorfendur en ánægjulegt var að sjá hversu duglegt frjálsíþróttafólkið sem var að keppa sama dag var að koma og hvetja strákana áfram.

Tímabilið 2000-2001 unnu Hrunamenn bikarmeistaratitil í 9.flokki kvenna og var það eini bikarmeistaratitill Hrunamanna þangað til 9.flokkur drengja endurtók leikinn á dögnum. Liðskipan Hrunamanna/Þórs í þessum leik; Leikmenn UMFH: Aron Ernir Ragnarsson, Dagur Úlfarsson, Eyþór Orri Árnason, Hjörtur Snær Halldórsson, Hringur Karlsson, Óðinn Freyr Árnason, Páll Magnús Unnsteinsson, Valdimar Eiríkur Hauksson, Vignir Öxndal Ingibjörnsson og Þorvaldur Logi Einarsson. Leikmenn Þórs: Ísak Júlíus Perdue og Jens Johnny Korchei. Þjálfari liðsins er Árni Þór Hilmarsson og aðstoðarþjálfarar hans þeir Florijan Jovonov og Orri Ellertsson.

Allir leikmenn liðsins léku skínandi vel en að leik loknum var Eyþór Orri Árnason útnefndur lykilleikmaður leiksins. Á tæpum 23 mínútum spiluðum skoraði Eyþór 23 stig, tók 4 fráköst, gaf 11 stoðsendingar, stal 3 boltum og varði 2 skot.

Hrunamenn eru í góðu samstarfi við Þór Þorlákshöfn í nokkrum flokkum og þar hefur árangurinn verið eftirtektarverður í mörgum aldursflokkum.

T.a.m. vann 7.flokkur drengja A-riðill á dögnum sem gerir þá að sterkasta liði landsins um þessar mundir. Sömu sögu er að segja um 9.flokks drengina sem unnu sama afrek í nóvember. Þá hafa stelpurnar verið að gera mjög góða hluti. 7.flokkur stúlkna landaði 2.sæti í A-riðli og 8.flokkur 3.sæti og 10.flokkur stúlkna vann sig aftur upp í A-deild með sigri í B-deild í móti sem fram fór í Bolungarvík í nóvember.

Blak

Þá miklu íþróttahelgi 13.-14.janúar hjá UMFH fór fram Íslandsmót í 5. og 6. deild kvenna í íþróttahúsinu okkar. Leiknir voru 45 leikir og sáu Hrunamenn að öllu leyti um framkvæmd mótsins. Gerður var góður rómur að mótinu og mikil ánægja hjá þeim leikmönnum sem sóttu mótið. Okkar stúlkur leika í 5.deild og eru þar í harðri toppbaráttu. Fyrsti leikur tapaðist 0-2 gegn öfluglu liði Völsungs frá Húsavík en 2-0 sigrar unnust í hinum viðureignum liðsins. Úrslitahelgin fer fram 17.-18.mars á Ísafirði og þar eiga okkar stúlkur góðan möguleika á að vinna sig upp um deild.

Karlarnir taka ekki þátt í Íslandsmóti þetta árið en hafa verið að gera góða hluti í bikarkeppni BLÍ hvar þeir eru nú komnir í 8 liða úrslit. Hrunamenn hafa nú þegar slegið út Keflavík og Laugdæli. Völsungur frá Húsavík er svo væntanlegur í heimsókn um miðjan febrúar og sigri Hrunamenn þann leik eru þeir komnir í undanúrslit bikarkeppni BLÍ.



Frjálsíþróttastelpur



Máni á verðlaunapalli



SMARI



Kæru félagar.

Aðalfundur Smára var haldinn á Hestakránni 28. janúar síðastliðinn og var fundurinn ágætlega sóttur. Fyrr um kvöldið hafði verið fundað með keppendum

Uppsveitadeildarinnar. Smári mun tefla fram fjórum liðum í ár. Við hvetjum alla til þess að mæta í reiðhöllina okkar

og fylgjast með þessari skemmtilegu deild sem hefur fest sig í sessi hjá okkur hestamönnum í uppsveitunum. Eftir góðan fund með keppendum hófst aðalfundur Smára. Bjarni Músson var fundarstjóri. Farið var yfir skýrslu stjórnar og reikninga félagsins. Ingvar Hjálmarsson, formaður, gaf ekki kost á sér til formennsku og þakkar félagið honum fyrir hans framlag í þágu félagsins. Bjarni Músson stjórnarformaður gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og er honum þakkað fyrir hans framlag. Enginn gaf kost á sér til formennsku félagsins fyrir aðalfund og því mun ég, undirrituð, taka það starf að mér fram að næsta aðalfundi. Líflegar umræður sköpuðust og er alltaf gott að fara yfir málin og hvað má fara betur í starfi félagsins. Vonandi fóru allir sáttir heim staðráðnir í því að gera félagið okkar enn betra. Blæsbíkarinn var afhentur að vanda. Hann hlaut Þórarinn Ragnarsson,

Vesturkoti, fyrir besta árangur Smárafélaga á árinu. Við óskum honum til hamingju með titilinn. Nú er Landsmótsár en Landsmótið verður haldið af hestamannafélaginu Fákí á þeirra glæsilega svæði í Víðidalnum. Við stefnum með sterka fulltrúa í öllum flokkum frá Smára og

verðum gaman að fjölmenna hjá Fákismönnum og eiga saman skemmtilega daga. Firmakeppnin okkar, sem er alltaf haldin 1. maí, er okkar aðal fjáröflun og þökkum við öllum þeim sem leggja okkur lið árlega fyrir stuðningin. Við erum búin að panta gott veður og verður gaman að sjá sem flesta á þessum merkisdegi. Gæðingamótið hefur slegið heldur betur í gegn síðustu ár. Ákveðið var að opna það fyrir hestum og knöpum úr öllum félögum, en verðlauna hæsta Smárafélaga í hverjum flokki ár hvert. Mótið höldum við saman með hestamannafélaginu Loga. Það var met þátttaka, góðir hestar og knapar koma til okkar ár hvert. Við höfum fengið lof fyrir þetta sterka og skemmtilega mót og hlökkum til þess að sjá sem flesta knapa víða að í sumar. Gaman er að segja frá því að Gæðingamótið okkar er nú komið í hóp með sterkustu mótum landsins. Þannig rötuðu einkunnir frá mótinu inn á topp 10 lista yfir landið í nokkrum greinum. Strax í vikunni eftir aðalfund komu saman stjórn, æskulýðsnefnd og mótanefnd til að fara yfir komandi ár.



Margt var rætt, eins og hvað betur má fara og hvað við getum gert til þess að fá meira líf í mótahald og starf félagsins. Allar nefndir eru komnar á fullt og verða upplýsingar birtar um leið og línur hafa verið lagðar í hverri nefnd.

Við verðum að huga vel að nýliðun og hvernig við getum fengið fleiri félagsmenn inn í félagið. Sama hvort það séu ungir hestamenn eða þeir sem eldri eru. Við vonum að það sem við munum bjóða fram á árinu og þær breytingar sem verða á félagsstarfinu munu leggjast vel í félagsmenn og þeir munu fjölmenna á þá atburði sem boðið verður uppá. Við hvetjum alla að fjölmenna í reiðtúr félagsins sem verður haldin í sumar. Gaman væri að blása nýju lífi í þennan reiðtúr sem hér áður fyrr var ansi fjölmennur og skemmtilegur. Félagsgjöld Smára verða óbreytt milli ára.

Stjórn Smára:

Hulda Hrönn Stefánsdóttir formaður
Rósa Birna Þorvaldsdóttir
varaformaður

Aðalheiður Einarsdóttir ritari
Svanhildur Hrönn Pétursdóttir
gjaldkeri

Elín Mogvist stjórnarmaður

Vara stjórn Smára:

Bragi Viðar Gunnarsson
Jón William Bjarkarson
Einar Logi Sigurgeirsson

Æskulýðsnefnd:

Elín Moqvist
Unnur Lís Schram
Helgi Kjartansson
Linda Karlsson
Janis Schwenke

Mótanefnd:

Erna Óðinsdóttir
Kristín Magnúsdóttir
Ragnheiður Hallgrímsdóttir
Helgi Valdimar Sigurðsson

Firmanefnd:

Stefanía Sigurðsdóttir
Svanhildur Hrönn Pétursdóttir
Hulda Hrönn Stefánsdóttir
Guðni Árnason

Útreiðanefnd:

Elín Una Jónsdóttir

Vallarnefnd:

Jón William Bjarkarson
Helgi Kjartansson

Reiðvegafulltrúi:

Ingvar Hjálmsson

Aðalskoðunarmenn:

Haukur Haraldsson
Þorgeir Vigfússon

Vara skoðunarmen

Bára Másdóttir
Bjarni Ásbjörnsson

Reiðhallarfulltrúar:

Bjarni Ásbjörnsson
Þorsteinn Gunnarsson

Fulltrúar Smára í

uppsveitadeildinni:

Ragnheiður Hallgrímsdóttir
Arnheiður S Þorvaldsdóttir



© Can Stock Photo

SMARI



Æskulýðsstarf Smára 2018

Æskulýðsnefndin hefur lagt drög að starfsemi ársins. Eins og áður eru flestir viðburðir unnir í góðu samstarfi við nággranna okkar í hestamannafélaginu Loga. Hér á eftir er upptalning á því helsta sem í boði verður en hver og einn viðburður verður svo auglýstur nánar á facebook síður

Smára og æsklýðshópsnis og á heimasíðu Smára.

Uppsveitardeild æskunar verður í reiðhöllinni á Flúðum að vanda, keppt verður í barna og unglíngaflokk. Dagsetningar móta eru sem hér segir:

-24 febrúar. Barnaflokkur þriggungur og fimi. Unglíngaflokkur fjórgangur og fimi.

-17 mars. Barnaflokkur fjórgangur og tölt. Unglíngaflokkur fimmgangur og tölt.

-7 apríl. Barnaflokkur smali. Unglíngaflokkur smali og skeið.

Kynningarfundur fyrir uppsveitardeild æskunar verður haldið í byrjun næstu viku, nánari upplýsingar koma sem fyrst inn á facebook Smára Reiðnámskeið fyrir börn og unglínga hefjast fljótlega, bæði með áherslu á almenna reiðmennsku og í framhaldi undirbúning fyrir landsmótsúrtöku fyrir þá sem þangað stefna. Kennarar verða Arnhildur Helgadóttir og Hans Þór Hilmarsson reiðkennarar. Stefnt er að nánari kynningu á uppbyggingu námskeiðsins á kynningarfundum uppsveitardeilda í næstu viku.

Hestaskóli fyrir byrjendur verður haldinn á Húsatóftum 2 á laugardögum í apríl.

Æskan og hesturinn í apríl, hópferð ef þáttaka næst.

Hestasmiðja verður í maí.

Undirbúningur og úrtaka fyrir LM 2018 í Reykjavík.

Fjölskyldureiðtúr í sumar.

Brokk og Skokk í júní.

Fræðslu og skemmtiferð í haust.

Við látum ykkur fylgjast með framvindunni á facebook síðu félagsins og heimasíðu og einnig í fréttabréfum sveitanna.

Kveðja æskulýðsnefndin

Elin Moqvist

Helgi Kjartansson

Janis Schwenke

Linda karlsson

Unnur Lisa Schram

Uppsveitadeildin 2018



Uppsveitadeildin 2018 er handan við hornið.

Útmánuðir í Uppsveitunum eru nýttir til keppni í hestaþróttum, en Uppsveitadeildin hefst innan skamms í áttunda sinn. Keppnin hefst þann 16. febrúar á fjörgangi í Reiðhöllinni á Flúðum.

Spennandi verður að sjá hvort sigurvegarinn frá í fyrra, Matthías Leó Matthíasson, mæti og reyni að halda titlinum sem sigurvegari í fjörgangi og stigahæsti knapinn í Uppsveitadeildinni. Annar í fjörgangi í fyrra varð Þórarinn Ragnarsson og þrír knapar urðu jafnir í þriðja til fimmta sæti. Var hlutkesti látið ráða sætaskipan.

Uppsveitadeildin er ávalt jöfn og spennandi. Keppnin í ár hefst föstudagskvöldið 16. febrúar kl 19:45 með kynningu á keppendum í Reiðhöllinni á Flúðum.





Hjónaball Hrunamanna 2018

Laugardaginn 3. mars
Íþróttahúsinu á Flúðum

Skemmtunin hefst stundvíslega kl.20:30
Húsið opnar kl.19:30.

Hljómsveitin Bandmenn leikur fyrir dansi
Guðjón Harðarson og Halldór Ásgeirsson sjá um matinn
Forrétta- og steikarhlaðborð, kaffi og konfekt

Panta þarf miða í síðasta lagi sunnudaginn 25. febrúar
2018
Miðaverð: 8500 kr.

Sigrún	848 1605	umrot@vortex.is
Kristín Karólína	899 6616	kristinkolafs@gmail.com
Fanney	865 3570	slangholt@gmail.com
Elísabet	847 2322	bruska@centrum.is
Maja	8679572	maja_vr@hotmail.com
Hildur	866 1889	hildurhj@simnet.is
Marzena	663 4160	januskuc@gmail.com
Margrét	8488347	margretgud84@gmail.com
Margrét Ebba	860 4303	maggaebba@simnet.is

Fólk er beðið að sameina sig um 8-10 eða 12 manna borð og gefa upp nöfn borðfélaga. Greiða þarf miðana í síðasta lagi miðvikudaginn 28. febrúar inná reikning. Banki 0325-13-700535 kt.640169-2309 og senda kvittun á hjonaballhrunamanna@gmail.com

Ef þriðji aðili greiðir, þarf að setja nafn þess sem pantaði miðann sem skýringu.

Ef einhverjir hafa ekki aðgang að netbanka þá er velkomið að hafa samband við einhvern úr nefndinni.

Nóg er plássíð í íþróttahúsinu og því tilvalið fyrir heimamenn, brottflutta og vini að fjölmenna á þessa skemmtun.

Takið daginn frá og við hlökkum til að sjá ykkur sem flest í íþróttahúsinu!

Hjónaballsnefndin 2018